

**Fundargerð stjórnar BÍS 01/2015. miðvikudaginn 14. janúar 2015 kl. 17.30, í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.**

**Mættir:**

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs, Unnur Flygenring, starfandi framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

**Fjarverandi:**

Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

**Dagskrá:**

1. Setning: Bragi Björnsson, skátahöfðingi setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar – samþykkt
3. Starfsmannamál. HS er í fæðingarorlofi og hefur Unnur Flygenring verið ráðin staðgengill hans til mánaðarmóta feb/mar. Tveir starfsmenn komu til starfa í Skátamiðstöðinni um áramótin. Bendt H Bendtsen verkefnastjóri Grænna skáta og Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri Æskulýðsvettvangsins. Ennfremur hafa starfsmenn færst til í starfi. Dagbjört Brynjarsdóttir hefur tekið við sem verkefnisstjóri fræðslu og dagskrár, Hanna Guðmundsdóttir sem þjónustustjóri og Jón Ingvar Bragason sem framkvæmdastjóri WSM-2017. Þá kom Elsi Rós Helgadóttir til starfa skömmu fyrir áramótin sem verkefnastjóri viðburða. Unnur mun vera í leyfi sem formaður dagskráráðs á meðan hún gegnir störfum framkvæmdastjóra, en vera tengiliður stjórnar við ráðið.
4. Stefnumótun BÍS: BB, ÓP og JÞG munu vinna tillögur.
5. Lagabreytingar: JÞG kynnti hvernig nefndin hyggst kynna málið á félagsforingjafundi og ná fram viðbrögðum með það að markmiði að einfalda umræðuna á Skátaþingi.
6. Efni félagsforingjafundar 7. febrúar á Úlfljótsvatni: Auglýsa eftir efni frá félagsforingjum. Kynning og umræða um lagabreytingar og stefnumótun. Kynning á félagsráði og matskerfi skátafélaga. Leita eftir viðhorfi til dagskrár Skátaþings 2015.
7. The Global Support Assessment Tool: JÞG sagði frá. Stjórn sóttist eftir þessu fyrir 2 árum. Heimsstjórn WOSM mun styrkja 7 bandalög í Evrópu í ár til þess að fara í þetta verkefni og Ísland verður líklega eitt þeirra. Verkefnið er fólgið í úttekt á rekstri BÍS sem framkvæmd er af óháðum aðila. Gera þarf ráð fyrir nokkurri undirbúningsvinnu. Tímasetning er sennilega heppilegust í apríl-júni.
8. Verkefnahópur. Leiðtogavítamín. Samþykkt.
9. Starfsyfirlit starfsmanna. Verður sent til stjórnar.
10. Fundargerð Úlfljótsvatns. Lá frammi.
11. Önnur mál:

- a. Vegna eignaskiptingar Skátamiðstöðvarinnar þarf að greiða stimpilgjöld eins og BÍS sé að kaupa sinn hluta af SSR. Unnið er að lausn án greiðslu.
- b. Gilwell: Þrettándagleði sl. fimmtudag í Kópaheimilinu. Góð þátttaka. Gilwellnámskeið í Vestmannaeyjum um næstu helgi, 15 þátttakendur.
- c. Vetrarskátamót SSR verður um næstu helgi á Úlfjótuvatni. 127 skráðir til þátttöku.
- d. Matskerfi skátafélaga, 3 pilotfélög verða heimsótt á næstu 2 vikum.
- e. Húsnæði Grænna skáta: Allt húsnæði er sprungið utan af starfseminni í Hraunbæum. Tekist hefur samningur um húsnæði við Stekkjarbakka og mun flokkun Grænna skáta flytjast þangað, en móttaka Endurvinnslunnar vera áfram í Hraunbænum.
- f. Skátaping: Unnið er að útvegum gistingar. Uppstillingarnefnd hefur verið boðuð til fundar.
- g. Formaður WOSM hafði samband við BB og óskaði eftir að hann tæki að sér formennsku í Constitution Committee. BB hefur gefið jákvætt svar.
- h. IC-Forum 2016: Rætt var möguelgt framboð BÍS um að halda viðburðinn. BB kannar málið.
- i. Ráðstefna á vegum LÆF um næstu helgi: Alþjóðaráð og ungmennaráð senda fulltrúa.
- j. Norræna samstarfið: JPG hefur sent beiðni til allra norrænu bandalaganna um tillögur að áherslum í samstarfinu. Stjórn BÍS mun svara fyrir hönd BÍS.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 21.05

Fundargerð ritaði JA